



Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Funa, Eyjafjarðarsveit

Æskulýðsstarfið byrjaði óvenju snemma þetta árið og einkenndist af miklu leiti af hinni nýju og spennandi hestaíþróttagrein TREC sem er að ryðja sér til rúms hérlandis. Krakkarnir okkar voru m.a. með atriði á sýningunni Æskan og hesturinn, sem var unnið út frá hugmyndum úr TREC. Byrjendareidnámskeið var á sínum stað og teymt undir börnum bæði á sumardaginn fyrsta og á handverkshátíðinni. Æskulýðsdagarnir voru færðir aftur til hefðbundinnar tímasetningar, þriðju helgina í júlí og mættu þar til leiks bæði krakkar frá Funa og Létti. Við enduðum sumarstarfið á pylsupartýi og lauflettum fótoltaleik – á hestum.

Námskeið í TREC fyrir vana krakka



Æskulýðsstarfið hjá félaginu hefur sjaldan byrjað af eins miklum krafti og þetta árið því strax í janúar var boðið upp á námskeið sem hvatti foreldra til að taka hesta á hús fyrir börnin sín. Um er að ræða námskeið í hinni nýstálegu keppnisgrein TREC sem er að ryðja sér til rúms hér á landi og er bæði fyrir börn og fullorðna. Áhersla var lögð á þann hluta greinarinnar sem snýr að þrautabraut þar sem hestur og knapi þurfa að vinna saman til að komast í gegnum ýmsar krefjandi þrautir, bæði á baki og í hendi. Fyrirkomulagið var

þannig að verkleg kennsla var u.þ.b. tvisvar í mánuði í reiðskemmum okkar Melaskjóli og nokkrir bóklegir tímar inni á milli. Til að byrja með voru 6 krakkar sem nýttu sér námskeiðið en þegar leið á vorið fjölgaði í hópnum og alls voru 10 krakkar á aldrinum 10-16 ára sem æfðu TREC að einhverju leiti þetta árið. Haldið var stöðumat í byrjun apríl en námskeiðið hélt áfram allt sumarið og við færðum kennsluna út í góða veðrið. Í lok ágúst var svo haldin lokakeppni í TREC, samhliða bæjakeppninni, þar sem keppt var bæði í barna- og unglingaflokki. Óhætt er að segja að TREC sé kærkomin viðbót við æskulýðsstarfið þar sem margir krakkar hafa fengið að kynnast nýjum hliðum á reiðhestunum sínum. Keppni af þessum toga býður upp á tækifæri fyrir svo miklu breiðari hóp bæði knapa og hesta og hefur orðið til þess að margir sem áður voru feimnir við að keppa á hringvelli, eða áttu hreinlega ekki hesta til þess, hafa nú ástæðu til þess að þjálfast markvisst og setja sér markmið með hestunum sínum. Þessi íþrótt er án efa komin til að vera hjá hestamannafélaginu Funa því þetta er örugglega með gagnlegri og skemmtilegri námskeiðum sem hægt er að bjóða upp á fyrir krakka. Það er ofboðslega dýrmætt hvað þetta námskeið hefur byggt upp mikið samband milli manns og hests og kennt krökkunum að þekkja hestana sína og orðið í leiðinni grundvöllur fyrir öruggari hestamennsku þar sem hestur og knapi treysta hvor öðrum.



Æskan og hesturinn

8 krakkar frá Funa voru með atriði á sýningunni Æskan og hesturinn sem að þessu sinni var haldin í reiðhöllinni á Akureyri þann 3. maí. Æfingar fóru bæði fram í litlu skemmunni okkar á Melgerðismelum en einnig voru krakkarnir keyrðir til Akureyrar til að æfa í stóru reiðhöllinni. Atriðið þeirra var nokkurs konar kynning á TREC og endaði atriðið með hestafótbolta en krakkarnir eru búnir að vera mjög spenntir fyrir því að fá að spila hestafótbolta frá því að félagið keypti risastóran pilates bolta fyrir TREC námskeiðið.



Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var að venju haldinn hátíðlegur á Melgerðismelum þar sem handverk, húsdýr, vélar og tæki voru til sýnis. Fjöldi manns sækir þennan viðburð árlega og fær sér bita af hinu víðfræga hlaðborði Funamanna. Mesta lukku, allavega hjá yngri kynslóðinni, vekja þó hestarnir góðu sem notaðir eru til að teyma undir minnstu gestunum. Unglingarnir okkar taka alltaf virkan þátt í þessari skemmtun og skiptast á að hjálpa til við að teyma undir og eru alltaf jafn dugleg og ábyrg.

Byrjendareiðnámskeið



Hið árlega byrjendareiðnámskeið Funa var haldið óvenju snemma þetta árið. Um var að ræða dagana 23. – 26. júní og kennt var í réttinni á Melgerðismelum og fengu báðir hópar ósk sína uppfyllta á þriðja og síðasta degi námskeiðsins en það var að fá að fara í stuttan reiðtúr út fyrir réttina. Að venju var fullbókað á námskeiðið en kennt var í tveimur 6 manna hópum sem skipt var eftir aldri og getu. Nefndin útvegaði hross, reiðtygi og hjálma svo einfaldara gat það ekki verið fyrir þá sem vildu gefa krökkunum sínum tækifæri á að kynnst hestamennsku.

Ótrúlega gefandi að sjá hvað börnin eru þakklát fyrir að fá þetta tækifæri.

Æskulýðsdagar norðurlands

Æskulýðsdagarnir okkar eru án efa einn stærsti viðburðurinn sem nefndin tekur sér fyrir hendur en þá þurfa allir að taka höndum saman til að setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, síðustu helgina í júlí. Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, leita að ávöxtum í skóginum og syngja hestalög. Laugardagurinn byrjaði á þrautabraut þar sem nefndin gat nýtt sér svæðið sem búið var að útbúa fyrir TREC þrautir. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr og borðað nesti sem kom með trússbílnum. Kvöldið endaði með grillveislu og



varðeldi þar sem grillaðir voru sykarpúðar. Stemmingin var frábær og eiginlega alveg einstök því það er sjaldgæft að sjá svo breiðan aldurshóp, frá 8-16 ára, taka sig til og fara allir saman í löggú og bófa í skóginum kringum varðeldinn! Það hjálpaði eflaust til að formaður nefndarinnar tók þátt af fullum eldmóði :O) Á sunnudeginum var svo haldin frjálslæg hringvallarkeppni með útsláttarfyrríkomulagi þar sem einnig voru veitt verðlaun fyrir flottasta parið í búningakeppni. Öllum félögum á norðurlandi

er boðið að taka þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur um mat og verðlaun. Að þessu sinni voru það krakkar frá Funa og Létti sem tóku þátt en þáttakan var samt sem áður mjög góð.



Handverkshátíðin

7. – 10. ágúst var teymt undir börnum á handverkshátíðinni á Hrafnagili en félögin í sveitinni taka þar höndum saman og vinna óeigingjarnt starft til að gera hátíðina að þeirri skemmtun sem hún er. Eldri krakkarnir í Funa létu sitt ekki eftir liggja og aðstoðuðu við teymingarnar og stóðu sig eins og hetjur því aðsóknin var gríðarleg og biðu börnin í löngum röðum spennt fyrir því að fá að komast á bak.

Lokadagur – pylsur og hestafótbolti

Til að setja punktinn yfir sumarið buðum við upp á nokkurskonar lokahitting þar sem við buðum upp á pylsur og spiluðum svo hestafótbolta í reiðskemmunni okkar, Melaskjóli. Gleðin og kappið var með ólíkindum og viðeigandi að enda sumarstarfið í því að fylla skemmuna okkar góðu af hlátrasköllum sem ævinlega fylgja slíkum fótboltaleik á hestum.

Framhaldið

Það er von okkar að við náum að byrja starfið aftur snemma á næsta ári, líkt og síðasta vetur, og vonandi verður grundvöllur fyrir því að halda áfram með hið frábæra TREC starf sem við erum byrjuð á.

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs Funa
Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglingaráð Funa er þannig skipað 2014-2015:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólum, formaður
Bjarney Guðbjörnsdóttir, Halldórsstöðum
Kristján Hjalti Sigurðsson, Hjallatröð 2
Sara Þorsteinsdóttir, Grund II
Þorsteinn Egilson, Grund II